

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 1. júlí 2016 í máli nr. S-8/2016:

Ákærvaldið

(Daði Kristjánsson saksóknari)

gegn

X

(Kristján Óskar Ásvaldsson hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 11. maí sl., höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 3. febrúar 2016 á hendur ákærða; „X, kennitala [...], [...], [...], fyrir brot framin á árinu 2013 á [...]:

1. Kynferðisbrot, með því að hafa í mars, á salerni í grunnskólanum við [...], leitast við að áreita tíu ára gamlan dreng, A, fæddan [...] 2002, kynferðislega, með því að reyna að draga buxurnar niður um drenginn.
2. Kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa að vorlagi, á skógræktarsvæði ofan við [...], sært blygðunarkennd og sýnt tveimur tíu ára gömlum drengjum, fyrrgreindum A og B, fæddum [...] 2002, ósiðlegt athæfi, með því að bera á sér kynfærin fyrir framan þá og láta drengina bera á sér kynfærin fyrir framan hann.

Telst brot samkvæmt 1. ákærulið varða við 2. mgr. 202. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 11. gr. laga nr. 61/2007. Telst brot samkvæmt 2. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð 1.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. júní 2013 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun við réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti. Gerð er krafa um að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Af hálfu B, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð 600.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 1. júní 2013 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun við réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti. Gerð er krafa um að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er þess krafist að bótakröfum verði vísað frá dómi, til vara að þær verði lækkaðar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómsins er greiðist úr ríkissjóði.

II

Mál þetta barst lögreglu með beiðni C, formanns barnaverndarnefndar [...], um lögreglurannsókn, dagsettri 2. mars 2014. Samkvæmt beiðninni var óskað rannsóknar á meintum brotum ákærða gegn tveim drengjum fæddum árið 2002, A og B. Fyrstu upplýsingar bárust nefndinni með nafnlausri tilkynningu 28. febrúar 2014. Þá hafi borist símtal frá umsjónarkennara drengjanna, D, í grunnskólanum [...], [...], þar sem hún lýsti því að bekkjarsystur drengjanna hafi sagt henni frá samskiptum þeirra við ákærða. D hafi þá rætt við drengina sem hafi sagt henni frá því að þeir hafi farið í gönguferð með ákærða sem hafi þá berað sig. Í samtalinu hafi A beygt af og grátið en drengirnir höfðu þá ekki sagt foreldrum sínum frá atvikum.

Í beiðninni kemur fram að C hafi hitt drengina og tekið við þá könnunarviðtal að viðstöddum foreldrum þeirra. Í viðtalinu við B hafi komið fram að hann hafi, seinasta sumar, eftir íþróttaæfingu, farið ásamt A með ákærða og hundinum hans upp í hlíðina fyrir ofan heimili ákærða og leikið við hundinn. Þeir hafi svo gengið út með hlíðinni og ákærði þá gefið þeim sælgæti og þeir gengið niður að trjálundi sem sé fyrir ofan autt svæði í brekkunni gegnt [...]. Þar hafði þeir farið í leikinn „skæri, blað, steinn“ og stakk ákærði upp á því að sá sem tapaði tæki niður um sig buxurnar. Drengirnir hafi ekki samþykkt það en ákveðið var að þeir gerðu það allir jafnt og mjög snögg, sem þeir gerðu, og sagði B að þeir hefðu „séð“. Um þremur mánuðum síðar hafi þetta gerst aftur í skólanum og svo aftur í „nýja skólanum“ á strákaklósettinu við smíðastofuna. Ákærði hafi þá náð honum inni á salerni og reynt að kippa niður um hann buxunum en hann hafi haldið fast.

Seinna þann dag var hann í „efri skólanum“ við matsalinn og var A þá með gat á buxunum. Hann hafi heyrt A kalla: „Hjálp [B],“ og þar hafi ákærði verið að reyna að taka buxurnar niður um A en honum tókst að komast frá ákærða.

Þá kom fram að í viðtali C við A hafi hann fljótlega farið að gráta en þegar hann jafnaði sig hafi hann lýst því á sama hátt og B að þeir hafi farið með ákærða í gönguferð og taldi það hafa verið snemma um sumarið þegar skólinn var búinn. Segir í beiðninni að drengjunum hafi ekki borið saman um það hvort þeir hafi girt niður um sig. A sagði að ákærði hefði bannað Bað tala um þetta.

Skýrsla var tekin af ákærða 19. maí 2014 og neitaði hann sakargiftum og sagði strákana vera að hefna sín á honum. A hafi verið með einelti gagnvart B og spili með hann og hafi ákærði verið að verja B. A hafi sagt að hann mundi hefna sín einhvern tímann á ákærða af því að hann hafi verið að kvarta undan hegðun A við skólastjóran. A mundi gera allt til þess að ákærða yrði vikið úr skóla því að þá hefði hann frið til að spila með B. B hafi sagt við A að hann ætli að ljúga því upp á ákærða að hann hafi verið að gefa þeim manni og hafi beðið þá um að draga niður um sig buxurnar því þá fari hann í fangelsi. A hafi verið að segja krökkum að ákærði hafi verið að draga buxurnar niður fyrir framan hann og hafi ákærði þá spurt hvað væri í gangi og hafi krakkarnir þá umkringgt hann. Þau hafi verið með fingur undir buxunum og sagt að þau ætluðu að ríða ákærða. Þetta hafi gerst skömmu áður en lögregla hafði afskipti af honum. Þá sagði ákærði að B hafi komið til hans í mötuneytinu einhvern tímann og sagt að A væri að reka hann og að þetta væri ekki staður fyrir [...] og hann ætti að fara annað.

Ákærði sagði það vera hlutverk sitt í frímínútum að gæta barnanna og séu þau fimm saman sem sjái um það. Ákærði kveðst ekki hafa kynferðislegan áhuga á börnum. Hann kvaðst hafa farið út með hundana, kannski fyrir um ári síðan, líklega um fjögurleytið, þegar hann hitti A og B. A hafi þá alltaf verið að reyna að toga niður buxurnar hjá B sem hafi sagt honum að hætta. A hafi þá sagt við ákærða að hann gæti líka gert þetta við hann. Hann sagði að vera kynni að drengirnir hafi séð á honum kynfærin í umrætt sinn þegar hann hafi farið bak við tré að pissa en þá hafi hann snúið sér undan og hafi þeir ekki átt að sjá.

Ákærði kvaðst hafa, í þessari ferð, verið með Mars-súkkulaði sem hann hafi borðað sjálfur en gefið B af því. Þá sagði hann eina leikinn sem þeir hafi farið í umrætt sinn hafi verið „klukk“ en þeir hafi ekki farið í „skæri, blað, steinn“ og sá sem tapaði hafi átt að girða niður um sig buxurnar. A hafi viljað gera þetta við B og hafi ákærði þá sagt honum að þeir fari ekki í svona leiki. B hafi átt bleikar nærbuxur og ef hann mundi tapa ætti hann að girða niður um sig og þá sæjust bleiku nærbuxurnar. Ákærði svaraði því neitandi hvort það hafi verið þannig að sá sem tapaði hafi átt að girða einnig niður nærbuxur þannig að kynfæri sæjust.

Aðspurður sagði ákærði að einungis hann, A og B hafi verið þarna í umrætt sinn. Þá sagði ákærði ekki rétt að A kæmi ekki í mötuneytið vegna hans.

Ákærði kvaðst ekki kannast við þau atvik sem lýst er í fyrri ákærulið og að buxur A hafi þá rifnað. Hann kvaðst aldrei hafa verið inni á klósetti á sama tíma og A eða B. Ákærða voru sýndar myndir af buxum sem A kvaðst hafa verið í og sagði að hefðu rifnað í átökunum og kvaðst hann kannast við þær og sagði að krakkar hefðu verið að hlæja að buxunum. Þær hefðu rifnað í æfingasal og voru þau að segja að þegar hann hafi gengið út úr salnum hafi hann flækst í eitthvað og þá rifnuðu buxurnar. Þetta hafi átt sér stað fyrir jól. Þá kvaðst ákærði aldrei hafa verið einn með barni inni á salerni.

Ákærði sagði A og B hafa komið heim til hans eftir að hann var kærður, á öskudegi, ásamt þremur öðrum börnum, en hann hafi ekki opnað dyrnar. E sé með skjaldkirtillsjúkdóm og sé því með aðeins útstæð augu og A hafi sagt við hann að augun væru að springa út úr honum og þá geti hann ekki lengur passað börn. Þá sagði ákærði að á mánudaginn hafi A komið til E í vinnunni og spurt hvar ákærði væri. E hafi sagt að hann væri heima veikur en þá sagði A að hann væri örugglega í „djeilinu“ og að hann hefði gott af því. Hann kvaðst hafa hent einu sinni tusku í A en hann hafi þá viljandi hellt niður súpu og sagt að [...] væru til þess að þrífa, fyrir það fái þeir borgað. Þá sagði ákærði að á föstudaginn hafi B komið til hans og sagt að A hafi ætlað að ganga frá honum og á mánudeginum hafi lögregla komið.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 27. febrúar 2015. Hann kvaðst ekki hafa verið með ákærða og drengjunum vorið 2013 en mætt þeim þegar hann var á göngu með hundana. Hann sagði drengina hafa verið að toga niður buxurnar hjá hvor öðrum og byrjað að sparka hvor í annan en hann hafi reynt að róa þá niður. Þegar drengirnir hafi verið á heimleið hafi hann farið að pissa en skyndilega hafi hann séð þá aftur. Kvaðst hann telja að drengirnir hafi séð getnaðarlim hans. Þá hafi hann sagt við þá að ef þetta kæmi fyrir aftur þá mundi hann láta skólann vita og hafi þeir þá beðist afsökunar.

Aðspurður um atvik á salerni þegar hann á að hafa dregið buxur niður um A sagði ákærði það vera rangt. Hann hefði farið inn á salernið með handklæði til að setja í þvottavél og þá hafi A komið inn til að þvo sér um hendurnar og þá sagt honum að hann hafi dottið og rifið buxur sínar. Þá sagði hann framburð B um að hann hefði heyrt A kalla á hjálp og komið að þegar ákærði var að draga niður buxur A vera ósannan og að drengirnir væru að skálda þetta.

F, skólastjóri Grunnskóla [...], H aðstoðarskólastjóri, D leiðbeinandi, E, G og I gáfu einnig skýrslur vegna málsins hjá lögreglu en ekki er ástæða til að rekja efni þeirra.

Fyrir liggur skýrsla tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsett 21. mars 2014, um rannsókn á buxum A, sem afhentar voru lögreglu af móður hans. Þar kemur fram að á framhlið buxnanna voru tvær sjáanlegar skemmdir sitt hvorum megin við lóðréttan miðjusaum sem lá frá klauf niður í klof. Vinstra megin við sauminn var lárétt gat sem var 1,5 sm að lengd og var miðja þess um 28 sm neðan við efri brún strengs. Útlit gatsins gat bent til þess að um væri að ræða slitskemmd vegna notkunar. Hægra megin við miðjusauminn var lóðrétt rifa sem lá samsíða buxnaklauf og miðjusaumnum. Rifan byrjaði 17 sm neðan við efri brún strengs og lá 10,7 sm lóðrétt niður meðfram buxnaklauf og miðjusaum en rétt ofan við klof sveigði rifan til hægri og lá 3,6 sm skáhallt niður meðfram innri hliðarsaum hægri skálmur þar sem hliðarsaumur og miðjusaumur mættust. Brúnir rifunnar voru tættar og benti útlit hennar til að buxurnar hefðu rifnað við einhvers konar átak, ólíkt slitskemmd sem sjáanleg var vinstra megin við miðjusauminn. Þá var lögð fram mappa, dagsett sama dag, með myndum af buxunum.

Einnig voru lagðar fram teikningar af grunnskólanum [...], tvær möppur með ljósmyndum sem teknar voru bæði innan- og utandyra í skólanum, mynd tekin af heimasíðu ja.is sem sýnir kort af hluta byggðar [...] og inn á hana er merkt staðsetning skógar fyrir ofan [...], grunnskólans og heimilis ákærða. Þá voru lagðar fram fjórar ljósmyndir af skógræktarsvæði, ráðningasamningur ákærða við og starfslýsing hans.

III

Við rannsókn málsins voru teknar dómskýrslur af A og B í Barnahúsi 7. mars 2014.

Brotapoli, B, lýsti því að hann og A hafi, eftir æfingu, farið að ganga með ákærða í skóginum og hafi ákærði verið með hunda sína. Þetta hafi gerst fyrir skólalok árið á undan, 2013. Ákærði hafi stungið upp á því að þeir sýndu á sér typpið. Þar hafi þeir farið í „skæri, blað, steinn“ um það hver sýnir punginn fyrstur. Hann hafi tapað einu sinni en hafi ekki viljað sýna. Þá sagði ákærði að þeir ættu allir að gera það á sama tíma og hafi þeir þá allir gert það. Hann kvaðst hafa séð punginn á ákærða og A. Taldi hann að ákærði hafi bæði séð typpið á sér og A. Ákærði hafi líka gefið honum Snickers. Þá kom fram hjá honum að hann hafi sagt stelpum, J, K og L, frá þessu.

Þá lýsti B því að fyrir um fjórum mánuðum, þegar þeir voru að bíða eftir pizzum í mötuneytinu, hafi ákærði fellt A og tekið í fótinn á honum og togað hann inn á salerni og reynt að taka niður um A. Hann hafi allt í einu heyrt kallað: „[B] hjálp,“ og hafi hann þá hlaupið og hjálpað og hafi ákærði þá hætt við. Þegar hann kom að þeim hafi hurðin verið opin, það hafi sést í nærbuxur A og A var „liggjandi

ofan á klósettinu“.

Brotapoli, A, sagði í sínum framburði að ákærði hafi beðið hann og B að fara út með honum að ganga með hundana. Ákærði hafði áður, þegar þeir voru í skólanum, beðið þá um að koma. Þetta hafi verið seinasta skóladaginn eða í byrjun á sumarfríi seinasta sumar, 2013. Ákærði hafi tekið með sér sælgæti sem hann hafi tekið úr skál heima hjá sér, og þeir farið út í skóg fyrir ofan [...]. Fyrst hafi þeir farið í feluleik. Þar hafi ákærði gefið þeim sælgæti og einnig hafi hann þar sagt þeim að sýna á sér typpið. Þeir hafi ekki gert það en ákærði tók niður um sig buxurnar og sýndi þeim og sagði þeim að sýna líka. Ákærði hafi ætlað að gefa þeim sælgæti ef þeir mundu sýna honum. Þeir hafi sagt nei. Ákærði hafi ætlað að fara að girða niður um þá þegar þeir hafi farið. Ákærði hafi þá hlaupið á eftir þeim og sagt: „Ekki segja“. Hann sagði að honum hafi liðið illa þegar þetta var að gerast og hafi hann ekki vitað hvað var að gerast. Í skóginum hafi þeir farið í leikinn „skæri, blað, steinn“. Það hafi ekki verið þannig að sá sem tapaði hafi girt niður um sig fyrstur heldur hafi ákærði sagt: „Allir á sama tíma“. A sagðist ekki hafa þorað að fara í mötuneytið eftir þetta út af ákærða. Áður en þeir sögðu frá hafi hann heldur farið heim til föður síns í matartímum. Þegar þeir sögðu frá hafi hann gert það af því að hann þurfti að segja frá. Honum hafi verið búið að líða illa í langan tíma og hafi liðið betur eftir að hann sagði frá.

Þá sagði A að ákærði hafi einnig tekið hann inn á salerni í skólanum og girt niður um hann og hafi B þá verið inni í matsal. Þegar þetta gerðist hafi verið um tíu mínútur í að aðrir kæmu en þetta hafi verið í hádeginu. Þeir hafi mætt fyrr út af æfingum vegna leikrits sem sýna átti á árshátíðinni. B hafi verið að tala við E. Það hafi gerst áður en atvikið í skóginum átti sér stað. Ákærði hafi dregið hann liggjandi inn á salernið frá þeim stað þar sem farið er úr skónum og hafi þá haldið um hálsmálið á peysunni. Ákærði hafi reynt að girða niður um hann buxurnar sem hafi þá rifnað. A kvaðst hafa haldið að þeir væru að leika. Svo hafi þetta farið yfir strikið þegar ákærði girti niður um hann. Þetta hafi gerst inni á klósettinu og hafi hann þá verið liggjandi á gólfinu þar sem vaskurinn er. Hann sagði ákærða hafa ætlað að loka hurðinni en hafi ekki getað það af því að hann var að reyna að komast út. Ákærði hafi tosað í buxurnar og hafi það verið dálítið erfitt þar sem hann hafi verið í gallabuxum. Buxurnar hafi rifnað á svæðinu við klofið þegar hann togaði en ákærði hafi náð að toga buxurnar niður á mið læri þegar B kom að þeim og hafi hann sagt: „Hættu,“ og þá hafi ákærði hætt. A kvaðst þá hafa verið í nærbuxum og þá hafi ákærði ætlað að fara að toga í nærbuxurnar. A kvaðst hafa hrópað á B sem hafi komið kannski 30 sekúndum seinna og hafi hann þá verið liggjandi á gólfinu. Ákærði hafi sagt að hann ætlaði að dýfa hausnum á honum í klósettið en hann hafi haldið að það væri leikur og svo hafi hann sagt að hann ætlaði að draga niður

buxurnar. Hann kvaðst hafa beðið M frænku sína að gera við buxurnar en hafi ekki þorað að segja hvað hafi gerst en sagt að þær hafi rifnað þegar hann var að fara í spígat. Hann kvaðst halda að enginn hafi séð að buxurnar voru rifnar og hafi reynt að fela það. A kvaðst hafa sagt bekkjarsystur sínum frá því sem gerðist og einnig hafi hann sagt D frá því eftir að hafa beðið stelpurnar um að segja henni frá.

IV

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði sagði í framburði sínum fyrir dómi að frá því að hann byrjaði að vinna í skólanum fyrir um sex árum hafi samskipti hans við drengina verið góð en farið versnandi á árunum 2013 og 2014. Þeir hafi verið að þroskast og sé erfitt fyrir hann að skilgreina það hvernig þeir hafi þróast. Þeir hafi stundum verið að kalla á eftir honum og E að þeir væru hommar og saka þá um að vera samkynhneigða og nota ýmis orð um þá þegar þeir voru í mötuneytinu. Það hafi frekar verið A sem byrjaði á þessu en B, en hann eigi eiginlega enga vini, og hann verði að hlusta á það sem A segir. Þeir hafi einnig verið að uppnefna aðra skólaliða. Hann kvaðst hafa látið yfirmenn sína vita af þessu og var þá sagt að þetta væri aldurinn og að þetta mundi lagast. Ákærði kvaðst aldrei hafa verið kallaður til skólastjóra vegna kvartana drengjanna í hans garð en hafa talað við skólastjóra, kennara og aðra skólaliða út af drengjunum. Aðspurður um samskipti drengjanna innbyrðis sagði hann að A hafi verið meira ráðandi í samskiptum þeirra.

Ákærði kveðst alfarið neita því sem honum er gefið að sök í fyrri ákærulið og kveðst aldrei hafa verið einn með A á salerni skólans eða fylgt honum inn á salerni skólans. Þeim hafi verið bannað að fara á salerni í frímínútum þegar börnin eru þar. Hann kvaðst aldrei hafa sagt við A að hann ætlaði að stinga höfðinu á honum ofan í klósettið eða hafa reynt að draga buxurnar niður um hann. Aðspurður hvort hann viti hvernig buxur A rifnuðu sagði hann það hafa gerst í frímínútum þegar hann var að fara úr íþróttasalnum og sagðist hann hafa dottið. Aðrir krakkar hafi séð þetta og verið að hlæja að honum. Kvaðst hann halda að B og N hafi báðir séð þetta og jafnvel einhverjir starfsmenn. Ákærði sagði rétt haft eftir sér í skýrslu hjá lögreglu að hann hafi verið að fara inn á salerni með handklæði og ætlað að setja þau í þvottavél þegar A hafi komið þangað til að þvo sér um hendurnar og hafi hann þá sagt að hann hefði dottið og rífið buxurnar sínar. Aðspurður af hverju það komi ekki fram í fyrri yfirheyrslu hjá lögreglu það sem ákærði segi í seinni yfirheyrslunni um það að hann hafi verið inni á salerninu út af þvotti þegar buxurnar bar á góma sagði ákærði það kannski hafa gleymst. Ákærði kvaðst fyrst hafa séð rifnu buxurnar þegar A var að fara úr salnum nálægt sundlauginni og aftur þegar A var að þvo hendurnar og hann gekk inn með tuskurnar til að setja í

Þvottavélina.

Ákærði sagði að atvik sem lýst er í síðari ákærulið og eiga að hafa gerst í skóginum hafi ekki átt sér stað. Hann fari oft með hundana sína út og börnin sjái hann oft með þá þegar þau eru að fara úr skólanum. Einu sinni þegar hann var úti hafi N, A og B verið að ganga þar og ákærði hafi verið að borða sælgæti og B hafi spurt hvort hann gæti fengið sælgæti og hafi hann þá gefið honum. Tvær stúlkur hafi einnig verið með þeim. Aðspurður hvort A og B hafi einhvern tímann farið út með honum að ganga með hundana sagði hann að yfirleitt hafi verið fleiri krakkar þegar hann var með hundana. Það hafi aldrei komið fyrir að hann væri einungis með B og A og hafi ekki hitt þá tvo eina á þessu svæði nálægt skóginum. Ákærði kvaðst kannast við leikinn „skæri, blað, steinn“ og hafa leikið hann í frímínútum. Það hafi ekki verið eingöngu með A og B heldur einnig með öðrum krökkum. Hann hafi einnig farið í fleiri leiki með þeim. Það hafi aldrei gerst að hann væri einn með eitt barn. Hann sagði að í grunnskólanum væru fjögur salerni í stærri hluta skólans og tvö í minni hluta skólans og halda að þau salerni sem atvik sem lýst er í fyrri ákærulið eigi að hafa gerst á séu þau sem eru nálægt eldhúsi. Hann sagði nemendur fara úr skónum í forstofu þegar þeir koma inn í skólann. Þá sagði ákærði að eftir að þeir voru kærðir hafi drengirnir komið heim til hans á öskudegi og hafi hann ekki opnað. Þá hafi hann ekki mátt starfa lengur í skólanum út af þessu atviki.

Borið er undir ákærða að hann hafi ekki minnst á það hjá lögreglu að á svæðinu við skóginn hafi einnig verið önnur börn og sagði ákærði að það hafi alltaf verið börn í kringum hann af því að börnin gengju þessa leið úr skólanum. Borinn var undir ákærða framburður hans í fyrri skýrslu hans hjá lögreglu þar sem hann er spurður hvort hann kannist við að þeir hafi farið þrír saman með hundana, hann, A og B, og hann hafi svarað því játandi og sagði að stundum hafi þeir komið til þeirra til að fá að fara með hundana. Sagði hann rétt að þeir hafi verið þrír en önnur börn hafi einnig verið nálægt. Hann kvaðst ekki hafa sýnt þeim kynfæri sín og sagði að það eina sem komi til greina sé að þeir hafi séð þegar hann var að pissa. Hann hafi verið að ganga til baka þegar hann fór að pissa og þá hafi A og B hlaupið til baka og komið nálægt honum. Ákærði sagði þessi atvik hafa gerst um 15 til 20 metra frá skógi sem sé nálægt heimili hans, hugsanlega tveimur eða þremur árum áður en hann var rekinn frá skólanum. Aðspurður af hverju hann hafi ekki lýst því hjá lögreglu að aðrir krakkar hafi verið nálægt þegar hann var með hundana og A og B voru með honum sagði ákærði að hann hafi verið spurður hvort þeir hefðu verið með honum. Spurður af hverju hann hafi ekki greint frá þessu þegar hann var beðinn um að lýsa atvikum í frjálstri frásögn sagði ákærði að hann hafi ekki vitað að það mundi skipta svona miklu máli. Enginn hafi spurt hann hvort það hafi verið fleiri.

Nánar aðspurður um þessa gönguferð sagði ákærði að þarna hafi verið þrjár stelpur, O, J og K, og kveðst hann vera að lýsa sömu gönguferð og áður. Hann hafi pissað við tré og þá hafi þau verið hlaupandi þar í kring. Það hafi ekkert meira gerst og allir krakkarnir farið heim. Þetta sé leið fyrir ofan skólann sem börnin ganga oft og leiki sér í leiðinni. Hann sagði A hafa verið að atast í B í þessari ferð út af klæðaburði hans. A hafi gert grín að honum af því að hann var í bleikum nærbuxum í annarri ferð. Ákærði kvaðst hafa verið að borða „Bounty bar“ og þá hafi B spurt hann hvort hann mætti fá sælgæti og hafi hann þá gefið honum helminginn. Ákærði kvaðst ekki kannast við þau atvik sem lýst er í síðari ákærulið. Ákærði kvaðst telja að þessar ásakanir strákanna séu til komnar þar sem ákærði sé alltaf að standa vörð um B og hjálpa honum og A líki það ekki. Þegar honum var vísað úr starfi hafi A verið mjög ánægður og hafi sagt: „Loksins er búið að losa sig við þennan [...]“. A hafi líka sagt við hann: „Ég fer til Spánar en þú ferð í fangelsi.“ B hafi líka talað eins og hann og A hafi ætlað að ganga frá ákærða. Svo hafi þeir farið að tala við krakkana, hlegið og gert grín að ákærða og m.a. með því að setja fingur í buxurnar.

Þá staðfesti ákærði að hafa við skýrslutöku hjá lögreglu merkt inn á ljósmynd hvar hann og strákarnir voru og hvaða leið strákarnir fóru og kvaðst hann þá hafa verið að lýsa þessari sömu ferð og hann lýsti fyrir dómi. Hann kvaðst ekki hafa verið í skóginum. Þegar krakkarnir fóru hafi hann verið einn með A og B í tvær til þrjár mínútur. Svo hafi hann gengið áfram með hundana og síðan farið til baka. Þann tíma sem hann var einn með þeim hafi þeir verið að hlaupa og leika sér þannig að þeir voru ekki allan tímann með honum. Hann hafi ekki gefið þeim sælgæti þá, það hafi verið fyrir í þessari sömu ferð og hann hafi einungis gefið B. Hann hafi verið að borða sælgætið þegar hann gekk að heiman. Þegar hann var einn með þeim hafi hann verið á þeim stað sem hann merkti inn á myndina. Hann hafi staðið þar og hundarnir hafi hlaupið eitthvað og hann kallað á hundana og svo farið.

Ákærði sagði málið vera búið að hafa mikil áhrif á hann og eiginlega allt samfélagið hafi snúist gegn honum og E. Það hafi verið sagt við þá að þeir væru hommar. Hann hafi þurft að leita sér lækniástoðar út af þessu ástandi, það hafi verið reynt að kveikja í hjá honum og eggjum hent í húsið þeirra. Þeir hafi ekki þolað meira og selt húsið [...] og flutt til [...]. Hann og E séu frændur og þeir búi í sama húsi í [...] á sitt hvorri hæðinni. Hann sagði A hafa verið „aggressívan“ í hans garð og alltaf hafa verið að reyna að niðurlægja hann og tala niður til hans.

Vitnið C, starfsmaður barnaverndar [...], kvaðst hafa fengið símtal frá P félagsmálastjóra sem hafi sagt henni frá því að símtal hefði borist frá kennara í grunnskólanum vegna málsins auk tilkynningar undir nafnleynd. Í kom í ljós að drengirnir höfðu borið sig upp við kennara sinn og lýst atvikum. Hún hafi svo hitt drengina á heimili þeirra, ásamt foreldrum þeirra, og hlustað á frásögn þeirra en

gætt að því að spyrja ekki leiðandi spurninga. Þetta hafi verið þeim erfitt, A, hafi grátið, en B hafi verið feimnari. Að viðtölunum loknum hafi hún útbúið greinargerð vegna málsins sem hún kom til lögreglu.

Vitnið P, félagsmálastjóri [...], kvaðst hafa tekið á móti tveimur tilkynningum vegna málsins og haft samband við formann barnaverndarnefndar, C. Fram kom að bæði B og A hafi sagt frá því að ákærði hefði sýnt á sér typpið og reynt að draga buxurnar niður um A. Önnur tilkynningin var til komin vegna þess að þeir greindu skólasystur sínum frá því sem hafði gerst og þær sögðu kennara frá því en hin barst með ósk um nafnleynd. Annars vegar var sagt að eitthvað hefði átt sér stað í skóginum og hins vegar að A hafi orðið fyrir einhverju af hálfu ákærða inni á salerni. Hún kvaðst hafa verið í samskiptum við foreldra drengjanna eftir að rannsókn málsins hófst hjá lögreglu og eftir að þeir gáfu skýrslur og boðið þeim upp á sálfræðimeðferð. Þá kvaðst hún ekki hafa neinar upplýsingar um að ekki væri hægt að taka drengina trúanlega.

Vitnið G, móðir B, sagði hann fyrst hafa sagt henni frá atvikinu sem hafi gerst í skóginum fyrir ofan byggðina. Hann hafi sagt að hann og A hafa farið heim til ákærða og E eftir æfingu og verið að spila en síðan farið út með ákærða og hunda ákærða. Þeir hafi farið með ákærða í skóginn og hann hafi verið með sælgæti og ákærði hafi stungið upp á leik, „úllen, dúllen, doff“, og sá sem var fyrstur átti að taka niður um sig buxurnar. Þeir hafi bara verið þrír, ákærði, B og A. Enginn hafi viljað girða niður um sig buxurnar og því hafi þetta verið gert þannig að þeir allir þrír áttu að taka niður um sig buxurnar á sama tíma, setja þær fljótt niður og upp aftur. Hún sagði B hafa sagt henni frá þessu nokkrum dögum eftir atvikið. Varðandi hitt atvikið þá hafi B einnig sagt henni frá því. Það hafi verið í febrúar eða mars og þá hafi E dregið niður um hann buxur og nærbuxur. B hafi sagt henni að N hafi líka séð þetta. Hann hafi líka sagt henni að ákærði hafi kallað hann til sín og sagt að ef hann mundi ekki segja mömmu sinni frá atvikinu í mötuneytinu mundi hann ekki kvarta undan hegðun hans í skólanum og að E gæti misst vinnuna út af þessu. B hafi fyrst tekið þessu eins og leik en hafi samt verið frekar alvarlegur þegar hann sagði frá. Hann hafi ekki viljað segja frá öðrum atvikum sem hafi átt sér stað. Hann hafi líka spurt móður sína hvernig það færi ef maður lofaði að segja ekki frá. Þetta samtal hafi átt sér stað áður en starfsmaður barnaverndar kom og ræddi við B. Á þessum tíma, árin 2013 og 2014, hafi samskipti milli B og A verið góð og ekki hafi borið á því að A væri að ráðskast með B. Þá hafi ekki borist nein tilkynning frá skóla um að kvartað hafi verið undan B. Hún hafi ekki skynjað það sjálfst eða heyrt neitt um það að A bæri neikvæðan hug til [...]. Þá sagði hún að hennar reynsla væri sú að frásagnir B væru réttar. Þá kveðst hún hafa þekkt A síðan hann var á leikskólanum með B og ekki telja að hann ýkti eða drægi úr þegar hann væri að

segja frá. Eftir skýrslutökuna í Barnahúsi hafi B ekki viljað tala um þetta lengur og vilji gleyma þessu. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir breytingum í fari hans eftir þetta.

Vitnið I, móðir A, kvaðst hafa frétt af málinu frá barnavernd. Starfsmaður nefndarinnar hafi svo komið heim til þeirra og A hafi þá sagt frá því sem gerðist. Hann hafi helst ekki viljað ræða þetta og var miður sín. Hann lýsti því að hann og B hafi verið beðnir um að koma með ákærða á einhvern leynistað. Þar hafi ákærði girt niður um sig og beðið þá um að gera það líka og þeir hafi svo hlaupið í burtu. A hafi verið grátandi þegar hann sagði frá þessu. Á árunum 2013 og 2014 hafi hann og B verið mjög góðir félagar og hafi verið það frá því að þeir voru í leikskóla. Kvaðst hún halda að þeir hafi alltaf verið jafningar í samskiptum. Á þessum tíma hafi henni ekki heldur verið sagt frá því að eitthvað hafi verið að í skólanum nema hugsanlega varðandi það að hann hafi verið reiður eða önnugur. Það eina sem hann talaði um á þessum tíma var að hann vildi ekki fara í mötuneytið og fór stopult þangað og talaði um að maturinn væri vondur. Þessi breyting á afstöðu hans til mötuneytisins hafi komið til eftir þetta, eða haustið 2013, og hafi hann sagt sér nú að það sé vegna ákærða. Þegar málið kom upp hafi hann viljað fara í mötuneytið og hætt að tala um að maturinn væri vondur og lagast hvað varðar skapbresti. Þá var ákærði hættur störfum í skólanum.

Þá sagði vitnið að A hafi komið með buxur til hennar sem höfðu rifnað og beðið hana að fara með þær til M frænku hennar og athuga hvort hún gæti gert við þær. Hann hafi ekki sagt henni af hverju buxurnar hafi rifnað, en nefnt leik, en það hafi ekki verið algengt að föt hans rifnuðu. Ekki hafi verið gert við buxurnar þar sem þær hafi verið að verða of litlar á A en þær hafi verið geymdar og hafi hún svo afhent lögreglu þær í sama horfi og hún tók við þeim frá A. Hún sagði A ekki hafa fengið neina aðstoð vegna þessara atvika en telja að hann hefði þurft þess. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við að A hefði verið eitthvað neikvæður í garð [...] og hafi alla tíð náð vel til B og séu þeir enn í dag vinir. Hún sagði A ekki hafa sagt skoðun sína á ákærða áður en atvik gerðust.

Vitnið F, skólastjóri [...], sagði ákærða hafa látið af störfum við skólann skömmu eftir að málið kom upp. Hún sagði aðstoðarskólastjóra hafa haft daglega verkstjórn með ákærða. Hún sagði drengina vera í sama bekk og ekkert í sögu þeirra hafi gefið tilefni til að kanna sérstaklega áreiðanleika frásagna þeirra. Þetta séu fjörugir strákar en hún hafi ekki orðið vör við kynferðislega hegðun eða tal hjá þeim áður en málið kom upp. Hún sagði engin sérstök mál hafa komið upp í skólanum vegna samskipta strákanna við aðra nemendur eða starfsmenn í skólanum en ákærði og E hafi stundum kvartað undan því að strákar á þessum aldri væru að stríða þeim. Þá sagði hún árshátíð skólans venjulega vera í mars og svo hafi verið

Þetta ár. Hún lýsti því að matsalur skólans sé á fyrstu hæð og salerni sé rétt hjá því. Milli þess og matsalarins séu kannski um tíu metrar. Ef kallað væri þar á milli heyrðist það örugglega fram á ganginn. Bæði á matsal og á salerni séu hurðir. Þegar nemendur matast þá séu skólaliðar viðstaddir og sinni gæslu. Það séu alltaf sömu skólaliðarnir sem sinni gæslunni og þ. á m. ákærði.

Vitnið D, leiðbeinandi [...], kvaðst hafa kennt A og B á þessum tíma. Stúlkur í bekknum sögðu henni í upphafi frá málinu en strákarirnir höfðu sagt þeim frá því. Hún hafi rætt við drengina í skólastofunni og hafi þeir fyrst til að byrja með ekki verið tilbúnir til að ræða það, A hafi grátið og þeim báðum liðið illa yfir að þurfa að segja frá þessu. Þeir sögðust hafa verið með ákærða að viðra hundana og hafi ákærði sýnt sig fyrir framan þá, girt niður um sig og beðið þá um að gera hið sama. Hún hafi svo fengið símtal frá starfsmanni barnaverndar sem ræddi við hana. Ekkert í sögu strákanna eða fyrri hegðun hafi gefið henni neinar vísbendingar um að það sem þeir voru að segja frá væri ekki rétt. Aldrei hafi borið á ósannsögli hjá þeim og heldur ekki kynferðislegu tali eða hegðun áður en þetta kom upp. Hún kvaðst hafa verið umsjónarkennari þeirra þennan vetur og hafi hún ekki orðið vör við að neitt neikvætt hafi komið upp á milli þeirra og ákærða. Þá sagði hún drengina hafa virst vera vinir og mundi hún segja að þeir hafi verið jafningjar í samskiptum innbyrðis. Kvaðst hún ekki minnst þess að þennan vetur hafi aðrir nemendur eða starfsfólk skólans kvartað undan þeim eða vita til þess að A hafi verið með neikvæðar skoðanir á fólki af [...] uppruna. Borinn var undir vitnið loftmynd af skólanum og merkti vitnið inn á hana matsalinn og þau salerni sem eru á fyrstu hæð skólans sem nemendur hafa aðgang að. Þá merkti hún við þann inngang sem nemendur nota og geyma skó sína.

Vitnið H, aðstoðarskólastjóri [...], kvaðst hafa verið daglegur verkstjóri ákærða í skólanum. Hann sagði aldrei neitt neikvætt hafa komið upp í skólanum út af honum sem starfsmanni og hafi hann sinnt starfi sínu af alúð og dugnaði. Hluti af starfsskyldum hans hafi verið störf í mötuneyti skólans. Hann kvaðst hafa þekkt A og B síðan þeir byrjuðu í skólanum. Á árunum 2013 og 2014 hafi ekki komið neinar kvartanir vegna þeirra en þeir voru stundum ókurteisir við starfsfólk í mötuneyti og hafi þeir þá verið óhressir með skömmtun eða eitthvað slíkt en taldi það ekki hafa beinst að neinum ákveðnum. Þá kvaðst hann ekki minnst þess að ákærði hafi kvartað undan einhverjum nemenda fyrir þessi atvik eða að kvartanir hafi komið á hendur honum vegna starfs hans sem skólaliði. Hann sagði ekkert hafa komið upp á sem ylli því að hann vefengdi sannleiksgildi frásagna drengjanna um ætluð brot. Þá sagði hann árshátíð skólans að jafnaði vera í marsmánuði. Hann kvaðst koma við í mötuneytinu á hverjum degi og ekki hafa orðið var við að A hafi hætt að sækja mötuneytið. Þá hafi hann aldrei heyrt þá tala illa um neinn og ekki

minnast þess að B hafi komið að máli við hann og viljað greina frá einhverju sem hafi gerst en hugsanlega ekki komið því frá sér.

Vitnið E, frændi ákærða, kvaðst ekki hafa orðið var við það í mars 2013 að A hafi kallað á hjálp vegna ákærða inni á salerni grunnskólans eða að B hafi farið að athuga með A inni á salerni í umrætt sinn eftir að hafa heyrt A kalla á hjálp. Þá hafi ákærði ekki, áður en málið byrjaði, rætt við hann um eitthver atvik milli hans og A inni á salerninu í mars 2013. Hann kvaðst ekki muna eftir að A hafi hætt að koma í mötuneytið um haustið 2013. Vitnið kvaðst hafa starfað sem skólalíði í [...] og það hafi falist í starfsskyldum hans að vera með gæslu í mötuneytinu og hafi hann verið þar á hverjum degi. Hann sagði að frá mötuneytinu inn á næsta salerni væri 20 til 25 metra og að ekki sé innangengt þangað úr mötuneytinu. Þegar nemendur bíði eftir mat og fari þeir í röð í þeim enda matsalar þar sem þrjár einfaldar hurðir eru og hvítt borð fyrir endann á salnum og vísaði í framlagða mynd tekna í matsal. Þá sagði hann að hurðin þar lengst til vinstri væri á gangi og þar sé útgangur. Hann sagði A hafa haft í frammi leiðinlega framkomu í sinn garð og ákærða þegar þeir voru við störf. A hafi stundum rennt niður rennilás á buxunum og sett fingurinn inn og út og sagt honum að totta hann. Hann hafi gert grín að vitninu af því að hann er með skjaldkirtilsvandamál og það geri augu hans útstæð. Þeir hafi ekki kvartað undan honum hvað þetta varðar en oft leitað til stjórnenda skólans um ýmis atvik varðandi drengina. Hann sagði A hafa verið meira ráðandi í samskiptum drengjanna innbyrðis og hafi haft áhrif á B. Hluti af daglegum störfum hans hafi verið að skammta mat í mötuneytinu. A og B hafi stundum kvartað þegar hann var að skammta matinn, þeir hafi talið hann skammta of lítið eða of mikið eða að maturinn væri ekki nógu góður.

Vitnið R, fyrrverandi [...], kvaðst hafa orðið vitni að því í matsalnum þegar A tók súpu og hellti súpunni niður og sagði við ákærða: „Þú ert helvítis þjónustrákur hérna frá [...], þú verður að þrífa þetta.“ Hún sagði A og aðra krakka, en ekki B, hafa sagt við ákærða og E, t.d. í frímínútum: „Helvítis hommi,“ og „Helvítis [...],“ og „Helvítis þjónusta frá [...].“ Hún sagði A og B hafa komið heim til ákærða og E eftir að málið kom upp. Þetta var á öskudegi og var hún þá í kaffi hjá þeim og hafi þeir ekki opnað fyrir þeim.

Vitnið S, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kvaðst hafa ritað skýrslu dagsetta 21. mars 2014 og skoðað rifu sem var á haldlögðum gallabuxum. Hann kvaðst ekki geta sagt til um hvort rifan hafi verið gömul eða ný en engin óhreinindi hafi verið sjáanleg. Þá hafi buxurnar ekki verið rifnar á öðrum stöðum. Eina ályktunin sem hægt væri að draga af buxunum varðandi það hvernig þær hafi rifnað sé sú að um hafi verið að ræða einhvers konar átak. Hann geti ekki sagt til um hvernig eða hvort togað var í þær. Þá kvaðst hann

hafa farið í verslunina [...] í [...] og verslunarstjóri þar fullyrti að rífa eins og þessi hafi ekki verið á buxunum þegar þær voru seldar. Þetta væri ekki skrautrifa. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hversu mikið átak hafi þurft til að rífa buxurnar en hann muni ekki hvort þær hafi verið þykkar eða þunnar. Því þykkara sem efnið í buxunum er því meiri kraft þurfi til að rífa þær og almennt þurfi „smá átak“ til að rífa gallaefni. Hann kvaðst gera ráð fyrir að átakið hafi verið til hliðanna þar sem rifan á buxunum sé lóðrétt þannig að togað sé í efnið í sitt hvora áttina. Þá geri hann ráð fyrir að efnið mundi rifna þvert á togkraftinn en ekki eftir honum endilöngum. Álykti hann því að þetta hafi frekar verið hliðarkraftur en niðurkraftur.

Vitnið T lögreglufulltrúi sagði ákærða hafa virst skilja allt sem fram fór við skýrslutöku þegar hann var yfirheyrður hjá lögreglu og vel hafi gengið að hafa samskipti við hann með túlki. Engar kvartanir hafi komið fram hjá honum vegna skýrslutökunnar. Þá sagði vitnið að ákærði hefði, þegar hann gaf skýrslu, áritað myndir til lýsingar á framburði.

V

Niðurstaða, fyrri ákæruliður.

Ákærði er í fyrri ákærulið ákærður fyrir að hafa á salerni grunnskólans á [...] leitast við að áreita tíu ára gamlan dreng, A, kynferðislega, með því að reyna að draga buxurnar niður um drenginn. Er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 202. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði neitar sök og byggir vörn sína á því að ósannað sé að hann hafi framið brotið og að vísitandi sé verið að bera á hann rangar sakir.

Af framburði brotþola, A, má ráða að hann hafi í upphafi talið að um leik hafi verið að ræða. Atvik hafi gerst í hádeginu áður en aðrir nemendur komu og hafi hann og vitnið B verið að æfa fyrir árshátíð og þess vegna verið komnir í skólann. Hann sagði B þá hafa verið í matsalnum að ræða við vitnið E og er það í samræmi við framburð B. Ákærði hafi dregið hann frá inngangi inn á salernið þar sem hann hafi fyrst hóttað því að dýfa höfði hans í klósettið og síðan sagt að hann ætlaði að draga niður buxur hans. Af framburði hans má ráða að átök hafi verið á milli þeirra og hafi brotþoli m.a. reynt að komast út af salerninu auk þess sem hann hafi kallað á B eftir hjálp. Sagði hann B hafa komið um 30 sekúndum eftir að hann kallaði á hann og hafi ákærði þá verið búinn að draga buxur hans niður á mið læri og hafi ætlað að fara að draga niður nærbuxur hans. Þá sagði hann að gallabuxur sem hann var í hafi rifnað á svæðinu við klofið þegar ákærði reyndi að draga þær niður en kvaðst ekki hafa þorað að segja frá því hvers vegna buxurnar hafi rifnað.

Dómurinn telur að framburður brotaþola sé skýr og ekkert sé fram komið sem dregur úr trúverðugleika hans. Fær hann stoð í framburði B sem lýsti því í skýrslu sinni að hann hafi séð upphaf samskipta ákærða og brotaþola í matsalnum og sá þegar ákærði felldi brotaþola og togaði hann af stað. Þá bar hann um að hafa heyrt brotaþola kalla á hjálp eftir að ákærði dró hann í burtu. Hann hafi þá athugað með brotaþola og séð hann inni á salerni, liggjandi ofan á klósetti, og þá hafi sést í nærbuxur hans og hafi ákærði farið á brott þegar B kom þangað inn.

Þá kom fram í framburði B að hann hafi verið að tala við E þegar brotaþoli kallaði á hann en E kannaðist ekki við það í sínum framburði. Þann framburð metur dómurinn með hliðsjón af nánnum tengslum ákærða og E en þeir eru frændur, búa í sama húsi og hafa unnið á sömu vinnustöðum seinustu ár. Einnig lítur dómurinn til þess að þrátt fyrir að þeir hafi verið á svipuðum stað þegar atvik gerðust er ekki sjálfgefið að þeir hafi báðir orðið varir við sömu atvik sérstaklega þar sem brotaþoli kvaðst hafa kallað nafn B. Verður því framburður E ekki talinn draga úr trúverðugleika framburðar B hvað þetta varðar.

Þegar atvik gerðust var brotaþoli tíu ára. Ákærði hafði þá unnið í nokkur ár í skólanum og þekkti því brotaþola og B. Vörn ákærða virðist að mestu felast í því að gagnrýna brotaþola og virðist telja að í hegðun hans sé að finna skýringar á því af hverju málið kemur upp og telja drengina vera vísvitandi að bera á hann rangar sakir. Ekkert er fram komið sem styður þá vörn ákærða en af framburði þeirra vitna sem gáfu skýrslu fyrir dómi verður ekki ráðið að drengirnir hafi orðið uppvísir að ósannsögli. Þótt vitni beri um að þeir hafi verið fjörugir, að brotaþoli hefði notað niðrandi orðfæri um [...] og þeir verið með neikvæðar athugasemdir þegar þeim var skammtaður matur verður það ekki talin vísbending um að þeir séu að bera sakir á ákærða í máli þessu. Þá er ákveðið misræmi í framburði brotaþola og B, t.d. varðandi staðsetningu á salerni þegar B kom þangað inn og hvar ákærði byrjaði að draga brotaþola, sem bendir ekki til þess að þeir hafi tekið sig saman um að bera sakir á ákærða. Telur dómurinn það gera framburð þeirra trúverðugan að þeir lýsa sömu atvikum með blæbrigðamun sem gera má ráð fyrir í frásögnum tveggja barna um sama atvikið séð frá ólíku sjónarhorni auk þess sem þeir lýsa báðir atburðarásinni í kringum atvikið á sambærilegan hátt.

Þegar litið er til framburðar ákærða vegna málsins bæði hjá lögreglu, þar sem hann gaf tvær skýrslur, og fyrir dómi þá hefur hann verið nokkuð á reiki. Hann viðurkenndi í framburði sínum fyrir dómi að hafa hitt brotaþola inni á salerni daginn sem buxurnar rifnuðu þar sem hann var að setja í þvottavél og þá hafi brotaþoli sagt honum frá því að buxurnar hafi rifnað. Þá kannaðist hann við buxurnar á framlögðum myndum af þeim buxum sem móðir brotaþola afhenti lögreglu. Í fyrri skýrslu sinni hjá lögreglu hafði hann hins vegar lýst því að hann

hefði aldrei verið einn með barni inni á salerni. Verður framburður ákærða skilinn svo að hann telji að þetta hafi gerst fyrir jólin 2012 en ekki í mars 2013. Það var fyrst í seinni skýrslunni hjá lögreglu að ákærði minnst á að hafa hitt brotaþola inni á salerni og að hafa þá rætt við hann um buxurnar en áður hafði hann borið um að hafa heyrt að buxurnar hafi rifnað í æfingasal þegar brotaþoli hafi rekið sig í eitthvað. Aðspurður fyrir dómi hvers vegna hann hafi ekki getið um það í fyrri skýrslu sinni hjá lögreglu að hann hafi rætt þetta við brotaþola inni á salerni kvaðst hann ekki vita það, líklega hafi það gleymst hjá honum en hann hafi fyrst séð að buxurnar voru rifnar þegar brotaþoli var að fara úr æfingasalnum. Misræmi í framburði ákærða um að hann hafi aldrei verið einn með barni á salerni yfir í framangreindan framburð hans varðar aðalatriði málsins. Þó að dómurinn hafi í huga við mat á framburði ákærða að misskilningur vegna túlkunar og mismunandi orðanotkunar kann í einhverjum tilvikum að hafa leitt til misræmis og ákærði verði ekki látinn bera hallann af því er óhjákvæmilegt að telja þetta rýra gildi framburðar hans.

Af framlögðum ljósmyndum og teikningum og má ráða að sá staður þar sem matur var skammtaður sé í þeim enda matsalarins sem er nær salerni og er það í samræmi við framburð ákærða og vitnisins D. Til að komast úr matsal á salernið þarf engu að síður að fara um gang og bar vitnið F um að þar á milli væru um tíu metrar. Þá verður framburður brotaþola skilinn svo að hann, B, ákærði og E hafi verið einir þarna þegar atvik gerðust. Það og framangreind gögn styðja það að köll hafi getað heyrst þarna á milli í umrætt sinn, B hafi átt þess kost að komast á salernið á stuttum tíma og að atvik gætu hafa gerst með þeim hætti sem brotaþoli lýsti.

Í ákæru segir að ákærði hafi framið brotið „á salerni grunnskólans“. Verjandi ákærða telur að með því sé ætlaður vettvangur brots ekki nægilega tilgreindur þar sem fleiri salerni séu í skólanum. Í framburði brotaþola og B er nægilega fram komið að átt sé við salerni sem næst eru matsal. Telur dómurinn með vísan til þess og 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að vörn ákærða hafi ekki verið áfátt vegna framangreinds.

Þá er ætlað brot ákærða í ákæru talið hafa átt sér stað í mars 2013 og er það í samræmi við framburð drengjanna sem tengdu atvikið við árshátíð skólans og framburð vitnisins H og F sem sögðu árshátíðina hafa þetta ár verið í mars.

Í framburði vitnisins I, móður brotaþola, kom fram að hann hafi verið tregur til að sækja mötuneytið vegna ákærða og er það í samræmi við framburð brotaþola. Engin samtímagögn styðja þó þennan framburð þeirra og eru því ekki efni til að líta sérstaklega til hans við mat á sönnun.

Brotapoli bar um það í framburði sínum að buxur hans hafi rifnað í átökum hans við ákærða. Samkvæmt kæru kom fram í samtali B við starfsmann barnaverndar að brotapolí hafi verið með gat á buxunum daginn sem þetta atvik gerðist en B bar ekki um þetta í framburði sínum fyrir dómi. Þá kannaðist ákærði við að buxurnar hafi rifnað í skólanum. Þá sagði brotapolí að hann hefði ætlað að fá frænku sína til að gera við buxurnar og er það í samræmi við framburð móður hans sem sagðist hafa geymt þær og síðan afhent lögreglu vegna rannsóknar málsins. Í skýrslu lögreglu um rannsókn á buxunum eru myndir af þeim auk þess rifunni er lýst, eins og hér að framan er rakið. Kemur þar fram að brúnir rifunnar bentu til þess að buxurnar hefðu rifnað við einhvers konar átak, en ekki sé um slitskemmd að ræða. Þó ekki verði af framangreindu og framburði vitnisins S fyrir dómi staðhæft nákvæmlega um það hvernig átak var um að ræða telur dómurinn að með framburði hans um að frekar hafi verið um hliðartog að ræða og með framangreindri skýrslu hans sé nægilega sannað að buxurnar hafi rifnað við átak sem samrýmist framburði brotapola um atvik.

Það er mat dómsins að framburður brotapola, sem hér að framan hefur verið rakinn, sé skýr og greinargóður og ekkert sé fram komið sem rýrir trúverðugleika hans. Þá fær hann stuðning í framburði B, aðstæðum á vettvangi og rannsókn á buxunum og þeim framburði S sem hér að ofan hefur verið rakinn. Þrátt fyrir að dómurinn hafi metið framburð ákærða trúverðugan með framangreindri athugasemd um að framkomið misræmi rýri gildi hans er ekkert fram komið sem styður hann sérstaklega. Telur dómurinn því, þrátt fyrir neitun ákærða, að sannað sé svo hafð sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi framið þann verknað sem lýst er í fyrri ákærulið.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 202. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Af framburði brotapola má ráða að hann hafi í upphafi atviksins talið að ákærði væri að leika við hann. Þá vísar ákærði til þess að drengirnir hafi stundað þennan leik sín á milli að taka niður buxur hvor annars. Þó svo væri gæti ákærði sem starfsmaður skólans aldrei talist leikfélagi drengjanna í því samhengi eða þáttakandi á sömu forsendum og þeir. Þá fól verknaðurinn í sér snertingu við drenginn sem miðaði að því að taka buxurnar niður um hann og fól í sér ofbeldi gegn drengnum og átök við hann. Með vísan til þess og þar sem háttsemi ákærða miðaði að því að koma sér og drengnum inn á salerni þar sem hann gat átt von á því að þeir væru í einrúmi og háttsemi ákærða þar var sérstaklega til þess fallin að bera kynfærasvæði drengsins fyrir ákærða, er það mat dómsins að tilgangur ákærða hafi verið kynferðislegur. Þar sem ákærða tókst ekki það ætlunarverk sitt telst vera um tilraunabrot að ræða og telst háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

VI

Niðurstaða, síðari ákæruliður.

Ákærði er í síðari ákærulið ákærður fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa, á skógræktarsvæði ofan bæjarins, sært blygðunarkennd og sýnt tveimur tíu ára gömlum drengjum, A og B, ósiðlegt athæfi með því að bera á sér kynfærin fyrir framan þá og láta drengina bera á sér kynfærin fyrir framan hann. Er háttsemi ákærða talin varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið með brotapolum B og A í námunda við ætlaðan brotavettvang. Þegar litið er til framburðar ákærða vegna málsins bæði hjá lögreglu og fyrir dómi þá hefur hann verið nokkuð á reiki og í sumum tilvikum er um beint misræmi að ræða. Við mat á framburði hans hefur dómurinn þó, eins og hvað varðar fyrri ákærulið, haft í huga að misskilningur vegna túlkunar kann í einhverjum tilvikum að hafa leitt til misræmis og verður ákærði ekki látinn bera hallann af því. Engu að síður er óhjákvæmilegt að líta til þess að framangreint getur ekki í öllum tilvikum skýrt misræmið. Þar er helst að nefna að fyrir dómi sagði ákærði stúlkur einnig hafa verið með í þeirri ferð sem hann lýsir og segir þetta vera í eina skiptið sem hann var fyrir ofan byggðina, við skóginn, með A og B. Þær skýringar ákærða að hann hafi einungis verið spurður um það hvort hann hafi verið með strákunum og því ekki nefnt stúlkurnar stenst ekki þar sem honum er gefin kostur á frjálstri frásögn bæði hjá lögreglu og fyrir dómi auk þess sem frásögn hans sjálfs gaf tilefni til þess að hann nefndi þetta. Þá nefndi hann stúlkurnar til sögunnar fyrir dómi eftir að ákærði sagði að B og N hafi verið þar í umrætt sinn og var þá spurður: „En var [A] þá ekki með eða?“ Þá svaraði ákærði: „Já, [A], [B], [N] og tvær stúlkur.“ Í þessu svari sínu nefndi ákærði einnig fyrst N til sögunnar. Þá nefndi ákærði einnig aðra ferð og sagði B þá hafa verið í bleikum nærbuxum þrátt fyrir að hafa staðhæft að einungis hafi verið um að ræða eina ferð og hafa sagt í framburði sínum hjá lögreglu að þetta hafi verið í sömu ferð. Þá segir hann í lok skýrslu sinnar fyrir dómi að engu að síður hafi hann verið tvær til þrjár mínútur einn með strákunum eftir að hafa sagt að hann hafi ekki verið einn með strákunum í þessari ferð. Tilraunir voru gerðar til að fá fram skýringar á framangreindu misræmi í framburði ákærða án frekari árangurs. Eins og fyrr er rakið verður ákærði látinn njóta vafans þegar kemur að hugsanlegum misskilningi vegna túlkunar. Engu að síður er óhjákvæmilegt að telja að misræmi varðandi veru N og stúlkanna á vettvangi rýri trúverðugleika framburðar ákærða.

Í ákæru er ákærði talinn hafa framið brotið að vorlagi á skógræktarsvæði fyrir ofan [...] á [...]. Báðir drengirnir telja að atvik hafi átt sér stað að vori í

kringum lok skóla. Ákærði sagði í framburði sínum hjá lögreglu að sú ferð sem hann lýsir hafi verið farin um ári áður en hann gaf skýrsluna en fyrir dómi sagði hann að það hafi hugsanlega verið tveimur eða þremur árum áður en hann var rekinn frá skólanum sem samrýmist framburði A og B.

Ýmis líkindi eru með frásögn drengjanna og ákærða af ferð þeirra. Þeir bera um að hafa verið á svipuðum slóðum, þeir í skóginum en ákærði við hann, hundarnir hafi verið með í för, ákærði kvaðst hafi gefið B súkkulaði í upphafi ferðar, sem er í samræmi við framburð B, en A sagði að ákærði hafi boðið þeim slíkt ef þeir mundu girða niður um sig. Ákærði hefur frá upphafi sagt að skýringin á því að drengirnir hafi séð kynfæri hans sé líklega sú að þeir hafi séð hann kasta af sér vatni þegar hann hélt að þeir væru farnir og ekki hafi verið ætlunin að þeir sæju það. Framburður ákærða um það hvernig atvik hafi gerst fær ekki stoð í öðrum gögnum og samrýmist ekki frásögn drengjanna að öðru leyti en hér að ofan er rakið. Þá telur dómurinn, eins og áður hefur verið rakið, misræmi í framburði hans sem rýrir trúverðugleika hans. Með vísan til alls framangreinds er það mat dómsins að niðurstaða málsins verði ekki byggð á framburði ákærða að því leyti sem hann er í ósamræmi við annað sem fram er komið í málinu.

Eins og hvað varðar fyrri ákærulið neitar ákærði sök og telur að drengirnir séu að bera á hann sakir til að hefna sín á honum. Eins og þar er einnig rakið voru drengirnir tíu ára þegar atvik gerðust og er þeim lýst sem fjörugum strákum og þekkti ákærði þá eftir að hafa þá unnið nokkur ár í skólanum. Ekkert er fram komið sem styður það að þeir hafi vísitandi verið að bera á ákærða rangar sakir eða að þeir hafi verið uppvísir að ósannsögli. Framburður A og B ber þess merki að þeir upplifðu atburðinn hvor á sinn hátt þrátt fyrir að þeim beri í aðalatriðum saman hvað varðar það atvik sem ákært er fyrir. Telur dómurinn framburð þeirra vera trúverðugan þar sem þeir lýsa sömu atvikum með blæbrigðamun sem gera má ráð fyrir í frásögnum tveggja barna um atburðarás sem þau eru bæði hluti af. Er því þessari vörn ákærða hafnað.

Þá lítur dómurinn til þess hvernig málið kom upp og telur það styðja trúverðugleika frásagna drengjanna en upphaf málsins var það að þeir sögðu skólasystur sínum frá því. Þá má ráða af framburði vitnanna C, D og mæðra drengjanna þeirra G og I að það hafi reynst drengjunum erfitt að greina frá atvikum.

Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að framburður beggja drengjanna sé trúverðugur þrátt fyrir að ákveðið misræmi sé í framburði þeirra sem óvíst er að væri hefðu þeir tekið sig saman um að bera sakir á ákærða. Þeim ber saman um að ákærði hafi hvatt þá til að girða niður um sig um leið og hann. B bar um að hann og A hafi báðir girt niður um sig um leið þannig að kynfæri þeirra hafi sést en A sagði að hann hefði sjálfur ekki gert það heldur einungis ákærði og B.

Með vísan til þess sem hér að framan er rakið og þá sérstaklega til framburðar A og B telur dómurinn, þrátt fyrir neitun ákærða, sannað svo að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi berað kynfæri sín fyrir framan drengina og hvatt þá til að bera á sér kynfærin fyrir framan hann þannig að annar þeirra, B, beraði kynfæri sín fyrir framan ákærða og A. Með framburði B og gegn neitun ákærða og A verður að telja að ekki sé fram komin nægileg sönnun þess að A hafi einnig berað sín kynfæri fyrir framan ákærða og B. Engu að síður telur dómurinn, með vísan til framburða drengjanna, að með þeirri háttsemi sinni hafi ákærði reynt að fá einnig A til að girða niður um sig og því sé um tilraunabrot að ræða hvað varðar hvatningu ákærða til hans um að bera kynfæri sín, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Þá má af framburði drengjanna ráða að ákærði hafi notað leik og sælgæti til að fá drengina til að bera sig. Þannig notfærði ákærði sér stöðu sína gagnvart drengjunum sem starfsmaður skólans og þroskastig drengjanna til að ná fram tilgangi sínum sem dómurinn telur að getur ekki hafa verið annað en kynferðislegur vegna þeirrar háttsemi sem talin er sönnuð. Með vísan til framangreinds telur dómurinn að þrátt fyrir neitun ákærða sé sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi framið þann verknað sem lýst er í síðari ákærulið og telst háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru að teknu tilliti til framangreindrar niðurstöðu að því er varðar tilraunabrot.

VII

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins gekkst hann undir sektargerð lögreglustjóra 4. mars 2013 vegna brots gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau brot sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir framdi hann í mars 2013 og um vorið 2013 en nánar verður ekki upplýst um dagsetningu brotanna. Óvissu um tímasetningu brotanna verður að skýra ákærða í hag í samræmi við þá meginreglu sakamálaréttarfars sem leidd er af 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og verður refsing ákærða því ákvörðuð honum sem hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, vegna framangreindrar sektargerðar. Þá er litið til þess að þegar atvik gerðust var ákærði starfandi sem skólaliði í grunnskólanum á [...] þar sem drengirnir stunduðu nám. Ákærði braut gegn ungum drengjum og gegn því trausti sem þeir höfðu til hans sem starfsmanns er annaðist að einhverju leyti um þá dags daglega í skóla auk þess sem annað brotið átti sér stað innan veggja skólans þar sem drengirnir áttu að geta verið öruggir. Er því við ákvörðun refsingar einnig litið til 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, til þyngingar refsingu ákærða, auk 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Málið var kært til lögreglu í mars 2014 og ákæra gefin út í febrúar 2016. Hefur meðferð málsins því dregist nokkuð

og verður ákærða ekki um það kennt. Með vísan til þess er fullnustu refsingarinnar frestað og fellur hún niður að tveimur árum liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

VIII

Með háttsemi sinni hefur ákærði bakað sér skyldu til greiðslu miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki liggja fyrir önnur gögn um afleiðingar brotanna en framburðir vitna. Það er engu að síður mat dómsins að háttsemi ákærða sé til þess fallin að hafa áhrif á andlega líðan þeirra drengja sem fyrir henni urðu. Með vísan til þess sem reifað hefur verið um málsatvik, líðan beggja drengjanna vegna atvikanna og ákvörðun refsingar þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 600.000 krónur til handa A og 300.000 krónur til handa B, og bera báðar fjárhæðirnar vexti sem í dómsorði greinir. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu er mælt fyrir um það að sé vaxtatímabil lengra en 12 mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð. Því þykir ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um þetta í dómi.

IX

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, er ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, alls 1.712.707 krónur. Til hans teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Óskars Ásvaldssonar hdl., 1.000.000 króna, útlagður kostnað verjanda, 39.920 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, A og B, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., 250.000 krónur vegna hvors þeirra, og útlagður kostnað réttargæslumanns, samtals 30.685 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts og vinnu verjanda ákærða á rannsóknarstigi. Ákærði greiði 142.102 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvalds.

Vegna anna dómara hefur uppkvaðning dómsins dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála. Af hálfu dómara og málflytjenda var ekki talin þörf á að málið yrði flutt að nýju.

Af hálfu ákæruvalds flutti mál þetta Daði Kristjánsson saksóknari.

Dóm þennan kveða upp Sigríður Elsa Kjartansdóttir dómstjóri og Halldór Halldórsson og Þorsteinn Davíðsson héraðsdómarar.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A, kennitala [...], 600.000 krónur, í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. júní 2013 til 28. mars 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B, kennitala [...], 300.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. júní 2013 til 28. mars 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 1.712.707 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Óskars Ásvaldssonar hdl., 1.000.000 króna, útlagðan kostnað verjanda, 39.920 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, A og B, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., 250.000 krónur vegna hvors þeirra, og útlagðan kostnað réttargæslumanns, 30.685 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir

Halldór Halldórsson

Þorsteinn Davíðsson